



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA
PRÓFUNARSTOFA
7. júní 2023

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2022 – 2023

Starfsemin í kjölfar covids hringaði sig um að skipuleggja og bjóða upp á tvær heimsóknir þar sem félagar gátu fræðst og blandað geði við aðra ásamt að bjóða upp á vefnámskeið sem SÍP félagar hafa aðgang að í gegnum aðildarfélög þess, Eurolab og/eða Eurachem.

Á haustmánuðum 2022 var félagsmönnum boðið í heimsókn í höfuðstöðvar Marels þar sem viðburðarstjóri þess var með almenna kynningu, gæðastjóri kynnti gæðastarfið og í lokin var kynning á verkefni um bestun á framleiðsluferli. Að kynningum loknum sáum við framleiðslusalinn. Kynningin var mjög fræðandi og vel sótt af félagsmönnum.

Í febrúar var vel sóttur kynningarfundur í samstafi við Origo á CCQ gæðastjórnunarlausnum sem geta auðveldað allt utanumhald á verkferlum gæðahandabókar.

Sú ánægjulega nýjung hefur átt sér stað í kjölfar covids eru vefnámskeið/vinnufundir fyrir tilstuðlan Eurolabs og Eurachems. Hefur stjórn SÍP valið nokkur vefnámskeið og kynnt sérstaklega fyrir félagsmönnum í tölvupósti. Félagsmönnum er boðið að taka þátt í námskeiðum sér að kostnaðarlausu eða gegn vægu gjaldi. Bendum við félagsmönnum okkar á að vakta heimasíður Eurolabs <https://www.eurolab.org/> og Eurachems <https://eurachem.org/>. Á heimasíðu þeirra er annars vegar auglýstir væntanlegir viðburðir og hins vegar eru þar fjölmargar gagnlegar leiðbeiningar sem eru rýndar af fagaðilum reglulega. Innan Eurolabs og Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu

sérfræðinga í Evrópu við að rýna staðla og miðla áfram til hagaðila.

Auglýst voru sérstaklega með tölvupósti og á vefsíðu okkar námskeið sem fjallaði um:

- Mælifræði loftslagsaðgerða á vegum BIPM og WMO með aðkomu Eurolabs 26. – 30. september 2022
- Mælióvissu, 19 – 22. janúar s.l. á vegum Eurachems
- Örplast, febrúar s.l.
- Sjálfbærni rannsóknastofa, 8. júní n.k. á vegum Eurolabs
- Í átt að framtíðarrannsóknastofu, 5. júlí n.k.

Auk þess benti SÍP félagsmönnum á námskeið á vegum Skilvirkrar ráðgjafar á ISO 9001:2015

Aðilar að SÍP eru nú 16: BM Vallá, BSI Íslandi, Frumherji hf, Haf og vatn, Hlaðbær Colas, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun - HMS, Isor, Mannvit hf, Malbikunarstöðin Höfði, Malbikstöðin, Matís ohf, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði - RLE, Rio Tinto á Íslandi, Steypustöðin ehf, Tæknisetur og Vegagerðin.

Ársfundur Eurolabs var haldinn í Varsjá í Póllandi í apríl og fulltrúi úr stjórn SÍP sótti hann. Ársfundur Eurachems var haldinn í maí og er ætlunin að sækja að ári ársfundur Eurachems. Á ársfundi Eurolabs var meðal annars umræða og kynning á nýjum leiðum í vistun rannsóknargagna og sendingu þeirra á öruggan hátt.

Einnig sátu Elín, Elísabet og Guðrún veffund með forseta og riturum Eurolabs þar sem farið var yfir hvaða væntingar SÍP hefði til Eurolabs. Hvað við værum ánægð með og hvaða áherslur við vildum sjá. Út úr þessum umræðufundi kom sú hugmynd að prófa að blanda saman vefnámskeiði og staðfundi sem fæli í sér að SÍP, fyrir tilstuðlan Eurolab/Eurachem, myndi bjóða félögum að hittast, hlýða saman á vefnámskeið og rökræða efnið samhliða.

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Á slóð félagsins eru krækjur í Eurachem og Eurolab og á heimasíðu þeirra koma fram áhugaverð námskeið og margvíslegar

leiðbeiningar. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Samskipti stjórnarmanna fóru að mestu fram á vefmiðlum en stjórn hittist einnig á formlegum stjórnarfundum. Áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður og tengill við Eurachem, Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf – ritari og umsjónarmaður vefsíðu, Finnbogi Óskarsson Ísor. – gjaldkeri, Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði – tengill við Eurolab og Halla Halldórsdóttir, Matís ohf,

Reykjavík 5. júní. 2023

f.h. stjórnar

Elísabet Sólbergdóttir